

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Aðalgata 16B – óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki.

Breyting á gildandi skipulagi tekur til hússins Aðalgötu 16B, sem áður var minjasafn og verður breytt í gistaðstöðu. Þá felur breytingin í sér að lóð er stækkuð úr 1.398,7 m² í 1.461,3 m² og er byggingarreitur stækkaður bæði til norðurs og suðurs. Þá eru felldar út 8 lóðir við Bjarkargötu.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. október 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 16. desember 2020.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2020